

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Í stað kaflans: Eðlilegastur skilningur sínum málstað til framdráttar — komi:

Eðlilegastur skilningur á þessu ákvæði er, að sækjandi máls taki upp í ágríp í samráði við verjanda og kosti fjölritun á þeim skjölum, sem nauðsynleg eru, til að málið verði réttilega dæmt í Hæstarétti. Óski verjandi, að tekin séu í ágríp skjöl eða skjalakaflar, sem sækjandi telur alls ekki máli skipta, ber honum þó að veita verjanda kost á því að koma þeim að, enda greiði verjandi fyrir fjölritun þeirra að svo stöddu.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1949.

Nr. 166/1948. **Valdstjórnin** (Guttormur Erlendsson)
gegn

Jóni Guðmundi Magnússyni (Sigurður Ólason).

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Kærði hefur með verknaði þeim, sem lýst er í héraðsdómi, gerzt brotlegur við tilkynningu verðlagsstjóra frá 4. apríl 1944, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 70/1947 svo og 2. gr. reglugerðar viðskiptamálaráðuneytisins og auglýsingu viðskiptanefndar frá 17. ágúst 1947, sbr. 2. málgr. 11. gr. laga nr. 70/1947. Þykir refsing kærða samkvæmt 22. gr. síðasttalinna laga hæfilega ákveðin eins og segir í héraðsdómi, þó svo, að vararefsingin verði 15 daga varðhald og greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist. Kærði greiði og allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en

því, að 15 daga varðhald komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Jón Guðmundur Magnússon, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttar-lögmanna Guttorms Erlendssonar og Sigurðar Óla-sonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. júní 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 30. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadóma-ara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3200/1948: Valdstjórnin gegn Jóni Guðmundi Magnússyni, — sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Guðmundi Magnússyni smíð, Lindarbrekku við Breiðholtsveg, til refsingar og máls-kostnaðargreiðslu fyrir brot gegn lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhags-ráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, og tilkynningu viðskiptanefnd-ar frá 17. ágúst 1947.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 5. maí 1921, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1937 7/9 Áminning fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
- 1940 27/2 Áminning fyrir brot á lögreglusamp., 70. gr., 2. mgr.
- 1940 30/4 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. lögreglusamp. Rvíkur.
- 1940 16/10 Áminning fyrir brot á umferðarreglum.
- 1941 25/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á 15. sbr. 14. gr. 1. nr. 70/1931.
- 1941 22/3 Sátt, 25 kr. sekt fyrir að aka bifreið ljóslausri og fyrir að nota litaðan ljósaumbúnað.
- 1941 20/5 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn 32. gr. og 1. mgr. 44. gr. lög-reglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1941 11/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot. Færði ekki bifreið sína til skoðunar.
- 1942 4/2 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 31. gr. lögreglusamp. Rvíkur.
- 1944 9/3 Kærður af Katli Ólafssyni, Kalmanstjórn, fyrir óheimila töku á gúmmípökkum á rekafjöru. Afgr. með skaðabótum.
- 1945 29/8 Sátt, 100 kr. sekt fyrir akstur bifhjóls án skrásetningar og brot gegn 3. gr. lögreglusamp. Rvíkur.
- 1946 14/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
- 1946 19/12 Rvík. Dómur aukaréttar, sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 26. kafla hegningarl., 400 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937 og 1. gr. laga nr. 13/1941.

1948 13/4 Rvík. Áminning fyrir brot gegn 3. mgr. 31. gr. lögreglusamb.
Rvíkur, sbr. 7. gr. umferðarl.

Verða nú málavextir raktir eftir því, sem upplýst er í máli þessu. Með bréfi, dagsettu 19. september 1947, kærði verðlagsstjórinn yfir því, að kærði gengi milli verzlana hér í bæ og seldi þvottasápu fyrir kr. 2.50 pr. stk., sem væri fjarri öllum sanni, þar sem stangasápa, 200 g að þyngd, hefði nokkru áður verið seld á kr. 1.00, en sápa sú, er kærði seldi, var aðeins um 100 g að þyngd, enda hafði kærði ekki fengið staðfestingu verðlags-
eftirlitsins á verðinu. Einnig hafi hann neitað að skýra trúnaðarmanni verðlagsstjóra, Sveini Jónssyni, frá nafni sínu, auk þess sem á þessum tíma hafi verið óheimilt að selja hreinlætisvörur til verzlana.

Vitnið Sveinn Jónsson, trúnaðarmaður verðlagsstjóra, skýrir svo frá, að um miðjan septembermánuð sl. hafi það hitt kærða inni í verzluninni Drifanda við Kaplaskjólsvæg og spurt, hver væri framleiðandi sápu þeirrar, er hann bauð til sölu. Neitaði kærði að skýra frá þessu og sagði það vera „prívat fyrirtæki“, smáverksmiðju. Næsta dag hafi það svo hitt hann aftur og spurt hann um hið sama, en kærði brást illur við sem fyrra skiptið og neitaði einnig að skýra frá nafni sínu.

För vitnið síðar í fjölmargar verzlanir til að komast að því, hverjum kærði hefði selt sápu, og kveðst hafa komið að raun um, að hann hefði alls selt 2149 sáputykki í eftirtaldar verzlanir: Drifanda á Samtúni 12, 157 stk. á kr. 2.50 stk., Drifanda á Holtsgötu 1, 282 stk. á sama verði, Drifanda á Kaplaskjólsvégi 1, 400 stk. á sama verði, verzlunina Ás við Laugaveg, 100 stk. á kr. 3.50 stk., verzlunina Varmá við Hverfisgötu, 100 stk. á kr. 2.50 stk., Lúllabúð við Hverfisgötu, 100 stk. á sama verði, og verzlunina Sæborg við Samtún, 514 stk. á 2.50 stk. og 160 stk. á kr. 3.00 stk., og loks í verzlunina Veg við Vesturgötu, 20 stk. á kr. 2.50 stk. Þá gat vitnið þess, að kærði muni hafa tekið aftur eitthvað af sápunni frá verzluninni Drifanda við Kaplaskjólsvæg og að sáputykkin hafi verið mjög misjafnlega þung, allt frá 50 g upp í rúm 100 g, en þyngdarmismunur þessi hafi ekkert að segja, hvað vísitöluverð varningsins snertir.

Vitnið Gústaf Jóhann Kristjánsson kaupmaður, Samtúni 12, eigandi verzlananna Drifanda, kveður kærða fyrst hafa selt sennilega 50 stk. af sápu í verzlun þess við Samtún 12. Síðar hafi hann selt 400 stk. í verzlunina við Kaplaskjólsvæg 1 fyrir 1000.00 kr., en tekið megnið af þeirri sápu aftur. Annars er vitnið ekki fullvisst um, hve mikið af sápu kærði seldi í verzlanir þess, þar eð það veitti henni ekki viðtöku, en segir afgreiðslustúlku sína, Svövu Valdimarsdóttur, hafa séð um viðskipti þessi.

Vitnið Svava Valdimarsdóttir, Freyjugötu 12, afgreiðslustúlka í verzluninni Drifanda, Samtúni 12, skýrir svo frá, að í septembermánuði sl. haust hafi kærði komið í greinda verzlun og boðið sápu til sölu á kr. 2.50 stk., og hafi það keypt 50 eða 100 stk., sennilega 50 stk., enda hafi verið sápu-
laust í bænum og viðskiptavinir, sem staddir voru í verzluninni, hafi hvatt það til að gera kaup þessi. Næsta dag hafi það svo að nýju keypt 100 stk. af kærða, en þá hafi Sveinn Jónsson verið staddur í verzluninni,

spurt, hver væri framleiðandi sápunnar, og sagt, hver hann væri. Hafi kærði svarað því til, að honum kæmi það ekki við, og neitað að segja til nafns síns, þótt Sveinn segði, hver hann væri. Síðari daginn, sem kærði kom í verzlunina, sagði vitnið honum að fara með 100 sápustykki í verzlunina Drifanda við Kaplaskjólsvæg 1 og annað 100 í verzlunina við Holts-götu 1, en það veit ekki, hvort kærði afhenti sápu í síðastnefnda verzlun, þar eð eigi voru nægilega miklir handbærir peningar í þeirri verzlun til greiðslu sápunnar, en í verzluninni við Kaplaskjólsvæg 1 hafi kærði skilið eftir 400 stk. og verið greitt fyrir 100 stk., enda hafi hann tekið aftur 300 stk. En ekkert af sápunni, sem hann seldi í verzlunina við Sam-tún 12, tók hann aftur.

Vitnið Svavar Hjalti Guðmundsson kaupmaður, Laugavegi 160, eigandi verzlunarinnar Áss, skýrir svo frá, að sl. haust hafi kærði komið í verzlun þess og boðið sápustykki til sölu. Keypti vitnið af honum 100 sápustykki á kr. 2.50 stk., þótt í fyrstu hefði verið talað um, að hann keypti sápu-una á kr. 3.50 stk., enda var samið svo um, að kærði fengi vörur í skipt-um fyrir sápu. Megnið af henni seldist upp að sögn vitnisins, enda var lítið um sápu hér í bænum á þeim tíma, en þó nokkuð óselt, er vitnið kom fyrir rétt.

Vitnið Grímar Jónsson kaupmaður, til heimilis á Njálsgötu 48, eigandi verzlunarinnar Varmár við Hverfisgötu, kveður kærða hafa komið í verzlun þess 15. september sl., og hafi það þá keypt af honum 100 sápu-stykki fyrir kr. 2.50 stk. Alla þessa sápu segist vitnið hafa selt, og því hafi kærði ekkert tekið til baka af henni.

Vitnið Stefán Júlíusson, verzlunarmaður í Lúllabúð við Hverfisgötu, til heimilis á Reynimel 31, skýrir svo frá, að eigandi greindrar verzlunar, sem var erlendis við rannsókn málsins, hafi keypt 100 stk. af sápunni fyrir kr. 2.50 stk., en vitnið segist hafa veitt sápunni viðtöku og hún hafi öll selzt.

Vitnið Hermann Kristjánsson kaupmaður, Höfðaborg 48, eigandi verzlunarinnar Sæborgar við Samtún 11, kveðst hafa keypt 514 sápustykki af kærða á kr. 2.50 stk. og um 160 stk. á kr. 3.00 stk., en það segist hafa greitt sápu-una við móttöku, og hann hafi ekkert tekið af henni aftur.

Vitnið Bergþóra Benediktsdóttir verzlunarmær, til heimilis að Bræðra-tungu við Holtaveg, sem starfaði í verzlun KRON við Langholtsveg, kveður kærða hafa komið í verzlun þessa sl. haust og boðið sápu til sölu. Segist vitnið með samþykki deildarstjórans hafa keypt 50 sápustykki á kr. 2.50 stk., og hafi þau öll selzt.

Verður nú greindur framburður kærða, sem hefur verið mjög óstöðugur og á reiki í máli þessu. Skýrir hann svo frá, að um mánaðamót ágúst og september sl. hafi hann búið til nokkuð af sápu úr svinafeiti, en hve mikið, segist hann ekki vita. Kvaðst hann hafa gefið kunningjum sínum sápu þessa og ætlað til, að þeir notuðu hana sjálfir, en sápu þá, er hann seldi í verzlunina Drifanda, 400 stk. á kr. 2.50 stk., sbr. rskj. nr. 2, kveðst hann alla hafa tekið aftur. Kveðst kærði ekki muna betur en Gústaf

Jóhann Kristjánsson hafi sjálfur veitt sápunni móttöku og hann hafi aðeins í eitt skipti selt sápu í verzlanir Gústafs Jóhanns, alls 400 stk., og þessa sápu hafi hann alla tekið aftur, er hann frétti, að honum var óheimilt að selja hana. Þá hefur hann viðurkennt að hafa selt 50 stk. af sápu í verzlunina KRON við Langhoitsveg á kr. 2.50 stk. Í aðrar verzlanir kveðst hann ekki minnst að hafa selt sápu nema ef til vill í verzlunina Ás. Hefur kærði lagt fram greinargerð um sápuframleiðslu sína, þar sem hann segir, að framleiðslukostnaður á hvert kg hafi verið kr. 18.40, en hann hafi hugsað sér að selja hana á kr. 16.25 kg, en eins og að framan getur, hefur framburður hans verið mjög á reiki.

Eins og málavöxtum hefur nú verið lýst, er talið sannað, að kærði hafi gert talsvert að því að selja sápu, er hann sjálfur framleiddi, án þess að hafa fengið staðfestingu verðlagsstjóra á verðinu og í bága við fyrir-mæli þau, er bönnuðu að selja hreinlætisvörur til verzlana. Hefur hann með atferli þessu gerzt brotlegur við 15. gr. laga nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, og tilkynningu viðskiptanefndar frá 17. ágúst 1947. Samkvæmt 22. gr. nefndra laga þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hdl. Baldvins Jónssonar, kr. 200.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af óvenjumiklum önnum dómarsans við afgreiðslu annarra mála og hve erfitt hefur verið að ná til kærða.

Hefur rekstur málsins því verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Jón Guðmundur Magnússon, greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Baldvins Jónssonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.